

**1990 nr. 43 16. maí****[Lög um lánasýslu ríkisins]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 138/2007, 10. gr.

**Tóku gildi 22. maí 1990.** Breytt með: L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 138/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 91/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 133. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [[Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 139. gr. <sup>2)</sup> L. 138/2007, 1. gr.**■ 2. gr.**

□ [Lánasýsla ríkisins skal stefna]<sup>1)</sup> að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagns-kostnaði ríkisins í lágmarki.

2. Dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkisins á sem hagkvæmasta hátt.

3. Draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.

4. Efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagns-markaði með kynningu og þjónustu.

5. Efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis.

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 2. gr.**■ [3. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> semur fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlánar fé og veitir ábyrgðir . . . <sup>3)</sup> innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 139. gr. <sup>3)</sup> L. 138/2007, 4. gr.**■ [4. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er [ráðherra]<sup>2)</sup> heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endur-

greiðslu áður tekinna erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að selja ríkisvígla á innlendum markaði til endurgreiðslu áður útgefna ríkisvígla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi hans í Seðlabankanum.

□ Enn fremur er [ráðherra]<sup>2)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta gjaldmiðlum og/eða vaxtakjörum á erlendum lánnum með sérstökum samningum, enda felist ekki nýjar lántökur í slíkum breytingum.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal árlega upplýsa Alþingi um notkun þessara heimilda.

□ Heimilt er að kveða nánar á um ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 139. gr.**■ [5. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal hafa eftirlit með lántökum aðila sem ríkisábyrgðar njóta á skuldbindingum sínum og vera ráðgefandi um skuldstýringu þeirra.

□ Skylt er þeim aðilum, er hyggjast taka lán erlendis og ríkisábyrgðar njóta á erlendum skuldbindingum, að kynna þau áform sín fyrir [ráðherra]<sup>2)</sup> og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 139. gr.**■ [6. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Heimilt er að [fela þar til bærur opinberum aðila, einum eða fleiri, að annast]<sup>2)</sup> framkvæmd . . . <sup>3)</sup> lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem [[ráðherra]<sup>4)</sup> fer með samkvæmt lögum þessum]<sup>3)</sup> eftir því sem hagkvæmt þykir.

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 91/2019, 133. gr. <sup>3)</sup> L. 138/2007, 7. gr. <sup>4)</sup> L. 126/2011, 139. gr.**■ [7. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara . . . <sup>2)</sup> má setja með reglugerð.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 138/2007, 8. gr. <sup>3)</sup> Rg. 237/1998.**■ [8. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

<sup>1)</sup> L. 138/2007, 3. gr.**■ [Ákvæði til bráðabirgða.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 139. gr. <sup>2)</sup> L. 138/2007, 9. gr.